

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2009

**Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. Kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða“.**

Hér verður fjallað um tiltekna þætti frumvarpsins en almennt styðja Samtök verslunar og þjónustu, SVP, að leidd skuli í lög hér á landi matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Sérstök áhersla er þó lögð á mikilvægi þess að flytja megi inn til landsins hrátt ófrosið kjöt til að skapa eðilega samkeppni og styðja frjálsa verslun. Ennfremur vekja samtökin sérstaka athygli á 11. athugasemd að neðan sem varðar lög 22/1994 m.t.t. frjáls flæðis dýrafóðurs.

Samtök verslunar og þjónust gera eftirfarandi athugasemdir við umrætt frumvarp:

1. athugasemd 2. gr. *“...til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu”.* Vakin er athygli á óskýru orðalagi greinarinnar, þ.e. nú er sett inn í málsgreinina „eða til vinnslu.” Almennt er orðið vinnsla látið skýra hluta af framleiðsluferli innan fyrirtækja.
2. athugasemd. 4. gr. Hér er undir b-lið vísað til kjötvinnslna sem starfræktar eru í smásöluverslunum. Við vörum við notkun á orðinu kjötvinnsla í þessu samhengi. Kjötvinnsla nær yfir margskonar ferli, s.s. að skrokkar eða hlutar af skrokkum séu úrbeinaðir og unnir til t.d. skinkuframleiðslu eða til reykingar, og í þessu tilviki í búðum. Það gengur engan veginn að eiginleg kjötvinnsla (sem starfsemi) geti verið innan smásöluverslunar. Því verði að skerpa á hugtakinu kjötvinnsla.
3. athugasemd 8. gr. Hér lokað á hugsanlegan innflutning matvæla (þ.m.t. fæðubótarefni) sem innihalda “lyfjavirkefni”. Velt skal upp þeirri spurningu hvort matvæli sem innihalda þessi efni kunni að vera markaðssett með löglegum hætti ef styrkur efnanna er undir skilgr. hámarksgildum fyrir matvæli.

4. athugasemd 17. gr. (b.liður) *“...þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar”* sbr. liður b.  
Heimild til innheimtu eftirlitsgjalda, skv. skilgr. í greininni er of opin.  
Við viljum ennfremur vekja athygli á mikilvægi þess að gjaldsrkárheimildir séu skýrar. „Tengdur kostnaður” er víðtækt hugtak.
5. athugasemd 17. gr. *“Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða: a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta:”*  
Hér er óljóst hvað átt er við með „viðkomandi áhættuþáttum”. Hvaða kröfur eru gerðar þegar ákveðið er um tilvist áhættuþátta? Hvaða almennu skilyrði þurfa að vera uppfyllt?  
Hér er ennfremur áréttað mikilvægi þess að samræmi sé í gjaldskrár Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda og að öll fyrirtæki sitji við sama borð hvað varðar gjöld og tíðni eftirlits.
6. athugasemd 19. gr. Löggö er áhersla á að fyrirhöfn og kostnaður sem lagður sé á fyrirtæki vegna “tilkynninga” sé sem minnstur. Ennfremur er mikilvægt að Matvælastofnun bjóði upp á sem skilvirkasta þjónustu þannig að ekki sé um óbeina viðskiptahindrun að ræða þegar kemur að tilkynningum um innflutning.
7. athugasemd 21. gr. Það virðist vera skörun milli ákvæða í 1. mgr. 21. gr. og c-liðar 5. gr. (8. gr. c) hvað varðar hlutverk og skyldur stjórnanda matvælafyrirtækis og eftirlitsaðila varðandi upplýsingagjöf til neytenda og aðgerðir ef rökstuddur grunur er um að vörur sem ekki uppfylla öryggiskröfur eru á markaði. Hér þarf að áréttta mikilvægi samvinnu (e.t.v. í reglugerð), þ.e. hver geri hvað og á hvaða forsendum.  
Tryggja verður með skýru orðavali upplýsingargjöf aðila á öllum stigum matvælakeðjunnar og að hún sé gagnkvæm í báðar áttir.
8. athugasemd 21. gr. Ákvæði 2. og 3. mgr. um opinbera birtingu þarfnast klárlega góðrar kynningar frá hendi stjórnvalda þar sem hér er um nýjung að ræða. Hvaða aðferðir verða notaðar?
9. athugasemd 23. gr. *“.....að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum”.*

Við viljum vekja athygli á að orðalagið er óskýrt: Hverjir kunna þessir “aðrir hagsmunir” að vera? Þetta má túlka með víðum hætti.

10. athugasemd  
30. gr.

“...fresta efnisákvæða reglugerða sem getið er í 3. mgr. 31. gr. a og varða kjöt, mjólk og egg til 1. maí 2011”


Samtök verslunar og þjónustu mótmæla harðlega því hvernig frelsi í verslun er skert með þessu ákvæði um 18 mánaða aðlögunartíma. Með þessu er frelsi til verslunar verulega skert án nægilegs rökstuðnings. Frelsi til innflutnings búfjárafurða á að byggja á sama lagagrunni hvaða varðar heilbrigðisreglur eins og bæði fiskur og fiskafurðir.

11. athugasemd  
Lög 22/1994

Vísað er til breytinga á lögum nr. 22/1994. Athygli vekur að í þessum breytingapakka er ekki á nokkurn hátt hreyft við núverandi reglum um innflutning á gæludýrafóðri (hunda- og kattamat, sem innheldur dýraafurðir) og þannig tryggt frjálst flæði innan EES svæðisins. Enn þarf að skrá vörur hjá Matvælastofnun með ítarlegum upplýsingum beint frá framleiðanda áður en varan er keypt og flutt inn. Þetta felur í sér viðskiptahindrun því innfytjendur gætu annars keypt vöruna af vöruhúsi innan svæðisins og flutt inn til landsins á mun ódýrari hátt.

Virðingarfyllst,

F.h. SVÞ



Ólafur Reynir Guðmundsson